

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjanes mánudaginn 25. september 2017 í máli nr. S-19/2017: Ákærvaldið

(Halldór Rósmundur Guðjónsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Kristni Helga Eiríkssyni

(Þórdís Bjarnadóttir hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 12. september síðastliðinn, höfðaði lögreglustjórinn á Suðurnesjum með ákæru útgefinni 27. desember 2016 á hendur Kristni Helga Eiríkssyni, kt. [...], [...], Kópavogi, „fyrir peningaþvætti en til vara fyrir hylmingu með því að hafa, um nokkurt skeið frá nóvember 2012 og fram til 5. desember 2012, haft í vörslum sínum muni að áætluðu verðmæti kr. 3.327.708,- sem honum hlaut að vera ljóst að væru til komnir vegna auðgunarbrotanna annarra manna. Munir þessir fundust við leit lögreglu í geymslum hjá og á vegum ákærða dagana 5., 6., og 7. desember 2012 en þeim hafði verið stolið í innbrotum víða um land í nóvember 2012 og voru í kjölfarið afhentir ákærða sem í kjölfar viðtöku flutti þá til geymslu, þaðan sem hann hugðist flytja stóran hluta þeirra úr landi til endursölu. Nánar tiltekið var um að ræða eftirfarandi tilvik:

1. Munir, að áætluðu verðmæti kr. 164.500,- sem stolið var úr aðstöðu Efnalaugar Suðurnesja, [...], Iðavöllum 11b, Reykjanesbæ, fundust í geymslu á vegum ákærða á bænum Víðiholti, Skagafirði. Um var að ræða DeWalt borvélahleðslutæki, verkfærakistu með ýmsum handverkfærum, Hitachi hjólsög, Bosch slípirokk, tvö vasaljós, þrjár rafmagnstangir, rafmagnstengi, glussadælu, smurkönnu, þrýstimæli, hníf og bláan plastkassa. *M. 008-2012-15454*
2. Munir, að áætluðu verðmæti kr. 1.228.889,- sem stolið var úr aðstöðu HUG-verktaka, [...], Iðavöllum 11b, Reykjanesbæ, fundust í geymslum á vegum ákærða. Á bænum Víðiholti, Skagafirði fannst Lux topplyklasett, tvenn skíðaskópör ásamt töskum, tímabyssa, verkfærataska með föstum lyklum, Dewalt hjólsög, rafsúðuhjálmur, Pioneer bifreiðaútvarp, þrjár hátalarar í bifreiðar, Hitachi hjólsög, Hitachi borvél, Bosch rafgeymahleðslutæki, Bosch hjólsög, málningarsprautu og Delda smergel (slípivél). Í bifreiðinni EA-486 fannst Polaris fjórhjól (skráningarnr. JP182), þrjár Hitachi hjólsagir og Boch hjólsög. Í bifreiðinni AR-453 fannst verkfærakassi með ýmsum handverkfærum. *M. 008-2012-14418*
3. [...] *M. 033-2012-7276*

4. Munir, að áætluðu verðmæti kr. 346.319,- sem stolið var í innbroti að Stapahrauni 21, Reykjanesbæ, fundust í geymslu á vegum [sic.] á bænum Víðiholti, Skagafirði. Um var að ræða AMG Benz felgur, hjólbarðar og upptökutæki fyrir myndavélakerfi. *M. 008-2012-14148*

5. [...] *M. 008-2012-65451*

6. Munir, að áætluðu verðmæti kr. 103.000,- í það minnsta, sem stolið var í innbroti í geymsluhúsnæði að Auðnum 2, Vatnsleysustrandarhreppi, fundust í geymslu á vegum ákærða að Víðiholti, Skagafirði. Um var að ræða hljómtæki, straumbreyti, tvö slökkvitæki, áttavita, upptakara, plástrakassa og gardína [sic.], samtals að áætluðu verðmæti kr. 43.000,- úr bifreiðinni SE-940, skjá af bakkmyndavél, að áætluðu verðmæti kr. 60.000, úr bifreiðinni LX-414, og rafgeymi, verkfærapoka, dýptarmæli, fiskleitartæki og GPS tæki, að óþekktu verðmæti, úr Zodiac slöngubát. *M. 008-2012-14748*

Telst framangreind háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 1. mgr. 254. gr. sömu laga. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að ákærði verði, aðallega með heimild í 1. mgr. 69. gr., 69. gr. b., og 2. mgr. 69. gr. f. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 149/2009, en til vara með heimild í 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og 1. og 3. mgr. 69. gr. d. sömu laga, dæmdur til að þola upptöku á eftirfarandi munum, að óþekktri tegund nema annað sé tekið fram, sem fundust við framangreinda leit lögreglu á bænum Víðiholti, Skagafirði. Um var að ræða: [...], belti, hjálm, [...], skópar, [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], jakka og peysu (munanr. 12), Fini loftpressu (munanr. 14), rafmagnshitara (munanr. 16), tvær ísaxir (munanr. 20), [...], [...], reiðhjólafestingu, krafttöng, skiptilykill, skrúfjárn, fasta lykla, [...] og spreibrúsa (munanr. 21), tvær luktir, gönguskópar, beisli, þrjá startkapla og þrjá spreibrúsa (munanr. 22), [...], [...], [...], [...] og stígvélapar (munanr. 24), hallamál og eftirlitsmynda-vélabúnað (munanr. 26), áltösku (munanr. 28) og [...].“ *Málsnúmer 008-2012-14748*

Kröfur ákærða:

Ákærði krefst vægustu refsingar sem lög leyfa. Ákærði samþykkir upptökukröfu ákæruvaldsins með þeim hætti sem nánar er lýst í kafla A hér á eftir. Verjandi ákærða krefst þóknunar sér til handa.

A

Birting fyrirkalls, sem gefið var út 7. febrúar 2017, tókst ekki. Ákærði mætti ekki við þingfestingu málsins 6. apríl 2017, enda staddur í Póllandi. Var ákærða

skipaður verjandi að hans ósk og málinu frestað til 11. maí sama ár. Þann dag mætti ákærði og viðurkenndi skýlaust að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í 1.-2. tölulið, 4. tölulið og 6. tölulið ákærunnar. Þá viðurkenndi ákærði að hafa haft kerru þá sem tilgreind er í 3. tölulið ákæru í sínum vörslum, en kvaðst ekki hafa vitað að henni hefði verið stolið. Kvaðst ákærði hafa geymt kerruna. Einnig kvaðst ákærði viðurkenna að hafa haft í vörslum sínum bifreiðalyftu með skrásetningarnúmerinu [...], en kvaðst ekki hafa vitað að henni hefði verið stolið. Loks neitaði ákærði því að sjö ljóskastarar af ljósamastursvélum ásamt 11 ljósaperum, sem fundust í bifreiðinni [...1], og í kari fyrir utan bæinn Auðnir 2 á Vatnsleysuströnd, hefðu verið þar í hans vörslum. Þá samþykkti ákærði upptökukröfu ákæruvaldsins á öllum munum nema svartri tösku, rafgeymi, tveimur úðabrusum, Freetime-bakpoka, straumbreyti, ljósaperum, hleðslurafmagnssnúrum, ýmislegu barnadóti, hundaól, skrúfjarni, sexkant, topplyklasetti, kuldagalla, vindfatnaði, dekkjaviðgerðarsetti, segldúk, rafmagnssnúrum, vasaljósi, EMS-þrýstikút, Hitachi-slípirokk, Bosch-borvél, svartri tösku og Scan Brit rafgeymi. Var málinu við svo búíð frestað til 30. maí 2017 og fékk ákærði frest til þess dags til að skila greinargerð í málinu af sinni hálfu. Þann dag upplýsti verjandi ákærða að hann myndi ekki skila greinargerð. Var aðalmeðferð málsins ákveðin 12. september síðastliðinn.

Í þinghaldi 12. september síðastliðinn var bókað að ákæruvaldið félli frá sakargiftum á hendur ákærða sem tilgreindar eru í 3. og 5. tölulið í ákæru málsins. Jafnframt að fallið væri frá upptökukröfu ákæruvaldsins á þeim munum sem taldir eru upp í þingbók málsins 11. maí síðastliðinn, þ.e. svartri tösku, rafgeymi, tveimur úðabrusum, Freetime-bakpoka, straumbreyti, ljósaperum, hleðslurafmagnssnúrum, ýmislegu barnadóti, hundaól, skrúfjarni, sexkant, topplyklasetti, kuldagalla, vindfatnaði, dekkjaviðgerðarsetti, segldúk, rafmagnssnúrum, vasaljósi, EMS-þrýstikút, Hitachi-slípirokk, Bosch-borvél, svartri tösku og Scan Brit rafgeymi.

Í ljósi breyttrar afstöðu ákæruvaldsins og með því að ákærði játaði brot sitt í þinghaldi 11. maí síðastliðinn og að dómari taldi ekki ástæðu til að draga í efa að játning ákærða væri sannleikanum samkvæmt var ákveðið að fara með málið samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var málið tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu eftir að sækjandi og verjandi ákærða höfðu tjáð sig stuttlega um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

B

Samkvæmt því sem fram er komið hefur ákærði skýlaust játað sök. Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við framlögð sakargögn, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Í ákæru eru brot ákærða talin varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningar nr. 19/1940, en til vara

við 1. mgr. 254. gr. sömu laga. Síðarnefnda ákvæðið þykir eiga við um þá háttsemi sem ákærði hefur greiðlega gengist við, en hylmingarákvæðið felur í sér eftirfarandi hlutdeild í auðgunarbroti, sem þegar er fullframið. Felst hylmingin í að halda ólöglega fyrir eiganda verðmæti sem aflað hefur verið með brotum er varða við ákvæði 244., 245. eða 247.-252. gr. nefndra hegningarlaga, taka þátt í ávinningi af slíku broti eða stuðla að því að halda við ólöglegum afleiðingum brotsins. Verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn ákærði 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði dæmdur í Póllandi 6. maí 2011 til tveggja mánaða fangelsisrefsingar sem var skilorðsbundin til tveggja ára fyrir brot gegn vinnulöggjöfni. Þá gekkst ákærði undir tvær sáttir hjá lögreglustjóra 27. mars 2013 og 10. júní 2015 og samþykkti greiðslu sektar í báðum tilvikum fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir eru hegningarauki við fyrrgreindar sáttir og verður ákærða því ákvörðuð refsing fyrir brotin með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði er sakfelldur fyrir hylmingu, sbr. 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fallist er á kröfu ákærvalds um upptöku á munum, tilgreindum í munaskrá lögreglu, eins og greinir í dómsorði.

Með vísan til sakfellingar ákærða, sbr. 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað málsins. Ákærði greiði því 188.427 krónur samkvæmt tveimur yfirlitum ákærvalds um sakarkostnað í málunum númer 008-2012-14148 og 008-2012-14748. Þá verður ákærða að auki gert að greiða hluta af þóknun verjanda síns og aksturskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun þóknunar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristinn Helgi Eiríksson, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði sæti upptöku á eftirtöldum munum: belti, hjálm, skópari, jakka, peysu, Fini loftpressu, rafmagnshítara, tveimur ísöxum, reiðhjólafestingu, krafttöng, skiptilykli, skrúfjarni, föstum lyklum, spreibrúsa, tveimur luktum, gönguskópari, beisli, þremur startköplum og þremur spreibrúsum, stígvélapari, hallamáli, eftirlitsmyndavélabúnaði og áltösku.

Ákærði greiði 188.427 krónur í sakarkostnað. Þá greiði 2/3 hluta þóknunar og aksturskostnaðar verjanda síns, Þórdísar Bjarnadóttur hrl. Nemur þóknunin í heild 590.240 krónum og aksturskostnaður verjanda 10.260 krónum 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Jón Höskuldsson